

# Láki Máni og letikeppurinn





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



## Láki Máni og letikeppurinn

ISBN 978-9979-0-2542-9

© 2011 Kristín Helga Gunnarsdóttir

© 2011 Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2011

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Litróf ehf.



## Vandi

Láki Máni er boltagaur.

Hann er flinkur og æfir í innkeyrslunni.

Láki skorar og finnst hann vera meistari.

Hann heyrir öskur og lófatak.

En Láki Máni er í vanda.

Hann nennir ekki að lesa bækur.

Láka finnst gaman í boltanum og að hjóla.

Hann teiknar líka, kubbar og smíðar.

Svo gónir hann á sjónvarp  
og hangir í tölvu.

En Láka Mána finnst fúlt að lesa.



## Sýki

Systur Láka heita Klara og Karítas.

Þær lesa allar bækur.

Þær grenja yfir bókum.

Þær rífast um bækur.

– Farðu, ég er að lesa,

hvæsir Karítas.

Láki Máni hrökklast út.

Systurnar ráðast á nýjar bækur

eins og kassa af karamellum.

Þær eru sjúkar í bækur.

## Nöldur

Pabbi og mamma nöldra oft.

– Láki Máni! Ertu að lesa?

Mamma kallar úr stofunni.

– Jaaaaá! skrökvar Láki Máni.

Hann teiknar skip.

Bókin er úti í horni.


Láki Máni teygir sig í bókina.

Hún er um Ísland.

Oj, orðin eru svo löng.

Láki Máni geispar.





## Pras

Mamma tekur bókina og les:

Ísland er eyja í Atlantshafi.

Láki Máni þykist sofna fram á borðið.

– Þú átt að lesa, segir mamma.

Lestu upphátt fyrir mig.

– Mamma, ég er upptekinn.

Lestu bara sjálf fyrir þig, tautar Láki.

– Skammastu þín, strákur,

segir pabbi argur.

– Hættið og farið út úr herberginu mínu!

öskrar Láki.

## Ást

- Lestu „Stuð, puð og stjörnublik“, segir Klara. Hún er um ástina. Klara sest með bókina við matarborðið.
- Ooo! Ég verð að fá hana. Flýttu þér með hana, skipar Karítas.
- Karítas vælir eins og sírena.
- Jaaaá! Ískrar í Klöru. Þú verður að lesa hana. Hún er svo sorgleg, en samt ekki.
- Ekki segja mér! Ekki segja mér! veinar Karítas.
- Bjánar, tautar Láki Máni.





## Rödd

Láki Máni sest á rúmstokkinn  
og horfir á bókina.

Allt í einu heyrir hann  
skræka rödd garga.

Láki Máni lítur í kringum sig.

– Er ekki könnun hjá þér á morgun?

– Ha? segir Láki Máni undrandi.

– Ertu ekki að fara í próf?  
galar skræka röddin.

– Hver talar? Hvar ertu?



## Hrekkur

- Ég er hér. Ég bý í bókakassa í horninu. Á morgun heldur þú ræðu í skólanum, segir lítill karl.
- Ha? Láki Máni er orðlaus af undrun.
- Hver ert þú? stynur hann svo.
- Ég er Hrekkur letikeppur. Og ég get lesið fyrir þig.
- Hrekkur? Það heitir enginn Hrekkur.
- Jú, letikeppir.





## Slagur

- Letikeppir, hvað er nú það? segir Láki.
- Letikeppir eru húsálfar, segir Hrekkur.  
Þeim líður best í rykugum bókakössum.
- Eruð þið fleiri hérna inni?  
Láki Máni er smeykur.
- Nei, það er bara einn letikeppur í húsi.  
Annars væri slagur alla daga.
- Slagur? endurtekur Láki.
- Já, letikeppum kemur illa saman.  
Árlega ferðast þeir á milli húsa.  
Þá hittast þeir og skipta um húsnæði.

## Ryk

– Af hverju kallist þið letikeppir?  
spyr Láki Máni.

– Af því að okkur finnst best  
að liggja og lesa.

Hrekkur rennir nefinu yfir síðurnar.

– Hvað ertu að gera? spyr Láki.

– Næra mig, segir Hrekkur.

Ég nærast á ryki í bókum.

Það kemur á bækur sem fólk les ekki.

– Er mikið ryk á mínum bókum?  
spyr Láki.

– Já, ég blæs út. Þetta er besti staður  
sem ég hef búið á.





## Hjálp

- Ég get hjálpað þér, segir Hrekkur.  
Ég les. Þú hlustar.  
Þú getur leikið þér á meðan.  
Svo ferð þú í skólann og kannt allt.
- Já, takk, segir Láki Máni.  
Hann teiknar. Hrekkur les um Ísland.
- Þú lest vel, segir Láki Máni.
- Ég veit það. Ég les mjög vel.
- Lestu áfram! skipar Láki Máni og litar.
- Íslendingar veiða fisk, les Hrekkur.  
Á Suðurlandi eru ræktaðar kartöflur.

## Þræll

Letikeppur fylgir Láka Mána um allt.

Hann les úti.

Láki Máni hlustar og spilar fótbolta.

Letikeppur les í stofunni.

Láki horfir á sjónvarp á meðan.

Letikeppur les í herberginu, Láki smíðar.

– Lestu hærra! skipar Láki.

Hrekkur er móðgaður.

– Ég er bara þræll á þessu heimili,

tautar hann.

Letikeppur les hærra.





## Þvæla

- Á Íslandi vaxa súkkulaðitré, les Hrekkur fúll.
- Ha? Súkkulaðitré?
- Láki Máni lækkar í tölvunni.
- Hvaða þvæla?
- Engin þvæla, segir Hrekkur. Það stendur hérna. Súkkulaðitré. Íslendingar tína súkkulaðikúlur af trjánum. Þær eru seldar til Afríku.
- Hmm? Skrítið, tautar Láki Máni. Lestu meira.

## Plat

– Esjan er fjall við Reykjavík,  
les Hrekkur.

Í fjallinu er stór hellir.

Þar geyma borgarbúar fjársjóði.

Grimmar slöngur vakta fjársjóðina.

– Ha? hváir Láki Máni.

Þetta hef ég aldrei heyrt.

Þú ert að plata.

– Nei, og þú veist nú ekki allt,  
segir Hrekkur. Hlustaðu.



## Rugl

- Á Akureyri býr drottningin yfir Íslandi. Hún er göldrótt og mjög hættuleg.
- Hvaða rugl? Þú ert að skálda, segir Láki. Má ég sjá bókina?



- Auðvitað, segir letikeppurinn. Hann blæs af krafti yfir síðuna. Svo sýnir hann Láka Mána bókina.
- Já, það stendur hér. Láki Máni er hissa.
- Héstu að ég væri að ljúga? Hrekkur er móðgaður.





## Kjaftæði

- Lestu meira, skipar Láki Máni.
- Húsdýragarður er í Laugardal, les Hrekkur.
- Já, það er rétt, segir Láki Máni ánægður.
  
- Þar búa rauðir drekar. Þeir baða sig í epladjús á sunnudögum, les Hrekkur.
- Nei, hættu nú! segir Láki Máni.
- Hvaða kjaftæði? Má ég sjá?

## Bull

Aftur blæs Hrekkur yfir síðurnar.

Hann réttir Láka bókina.

Láki Máni les:

– Rauðu drekarnir finnast

líka villtir í hrauni.

Þeir kallast hraundrekar.

Þeir spúa eldi.

– Hvaða bull er þetta?

tautar Láki.

– Ekkert bull. Svona  
er þetta bara á Íslandi,  
segir Hrekkur.

Hann hrifsar bókina  
og les áfram.

Hann les um gosdverga  
í eldfjöllum,  
sundmýs í laugunum  
og flughesta í Skagafirði.





## Grín

Láki Máni fer  
í skólann.  
Hann skrifar um  
fjársjóði í Esju.  
Hann segir frá  
rauðum drekum.  
Hann skrifar um  
vonda drottningu  
á Akureyri.

Kennarinn skoðar  
blað Láka Mána.  
– Rauðir drekar  
og drottning?  
Er þetta grín?  
Þykistu vera fyndinn?  
spyr kennarinn móðgaður.

## Hróp

- Þetta stendur allt í bókinni, segir Láki. Hann sýnir kennaranum bókina.
- Þar er ekki talað um drottningu og ekki um dreka.
- Þar er bara talað um refi og bæjarstjóra.



Kennarinn hristir hausinn.  
Krakkarnir hlæja og hrópa  
í frímínútunum:

Láki máni lEtihaus.  
Rauður dreki gENGur laus!



## Hlátur

Láki Máni skammar letikeppinn.

Hrekkur frussar af hlátri.

Hann veltist um gólfið í hláturskasti.

– Hvaða bók sýndirðu mér?

Láki Máni er reiður.

– Þína bók, flissar Hrekkur,  
og smágaldur.




## Galdur

Hrekkur blæs á stafi á bók.

Stafirnir æða upp í loft.

Þeir raða sér sjálfir upp á nýtt.



## Fýla

- Þú laugst. Nú les ég sjálfur.
- Láki Máni grúfir sig yfir bók.
- Laug ekki. Bara galdur!
- Hrekkur er í fýlu.
- Það er bara gaman að lesa, segir Láki.
- Hrekkur er spældur og argur.
- Þegar letikeppir verða reiðir standa þeir á haus.
- Það er dagsatt.

## Kassi

Láki kíkir í bókakassann.

Þarna eru fínar bækur.

Hann þurrkar af þeim.

Láki raðar bókunum í hillu.

– Ertu að skoða bækur,

Láki minn?

Mamma er hissa.

– Já, ég á helling

af spennandi sögum,

segir Láki.

Hrekkur situr í

tómum kassanum.

Hann er orðin mjór

eins og ormur.







## Bræði

- Ég er svangur! orgar letikeppur.  
Hann skiptir um lit  
og stekkur upp og niður.  
Hrekkur rýkur upp í glugga.  
Hann orgar í bræði sinni.
- Láki! Þú ert ljóta bókaskrímslið!  
Letikeppur hverfur út í nóttina.  
Láki Máni hlær og flissar.
- Farðu bara.  
Farðu að slást við letikeppi!



## Týndur

Klara hrópar.

Láki Máni heyrir ekki í henni.

Hann er týndur í spennandi bók.

Klara rótar og tætir.

Hún sópar öllu af borðinu.

– Hvar er bókin um vampírurnar  
sem ég var að lesa í gær?

Láki Máni breiðir upp yfir haus.

Hann kveikir á vasaljósi.

Meiri lætin út af einni bók!

## Til kennara og foreldra!

Í Smábókaflokki Menntamálastofnunar eru bækur sem ætlað er að vekja lestraráhuga yngstu barnanna og veita þeim þjálfun í lestri. Leitast er við að höfða til ólíkra áhugasviða með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Lögð er áhersla á að sögurnar höfði jafnt til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímniágu lesenda. Bækurnar eru allar 24 blaðsíður og því auðvelt að ljúka við lestur bókar.

Á vefsíðunni *Íslenska fyrir yngsta stig – veftorg* eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir með bókunum sem henta bæði í einstaklings- og hópvinnu og þangað má sækja verkefni með söguni til að prenta út.

## Áður en bókin er lesin

Áður en lestur hefst ættu nemendur að skoða bókina, ræða um hana og kynna sér

- hver er höfundur hennar
- hver hefur teiknað myndirnar
- hvað bókin heitir, þ.e. titill
- um hvað hún fjallar

Einnig ættu nemendur að skoða vel myndirnar og gera sér í hugarlund hvað gerist í sögunni, hvar hún fer fram, hver atburðarásin er, hvaða persónur sjást á myndunum o.s.frv. Minnst nemendur þess að hafa lesið aðra bók um Láka? Hvað heitir sú bók?

## Umræðuefni heima og í skólanum

Leti. Af hverju nennir Láki ekki að lesa? Hvernig læknaðist hann af lestrarletinni? Hvernig getur leti leitt mann í ógöngur, sbr. hjálp letikeppsins?

Lestur. Hvers konar bækur finnst nemendum skemmtilegast að lesa? Af hverju? Hvernig bækur vildu systur Láka lesa? Hvernig ætli heimurinn væri ef engar bækur væru til? Af hverju voru foreldrar Láka alltaf að tuða í honum að lesa?

## Frásögn og ritun

- Skoðu dagblöð og klipptu út þrjár myndir af áhugaverðum bókum eða tímaritum. Útskýrðu af hverju þér finnst þær áhugaverðar.
- Teiknaðu hring á blað og skrifaðu heiti uppáhaldsbókarinnar þinnar í hringinn. Skrifaðu eða teiknaðu svo allt sem þú veist um bókina í kringum hringinn.
- Segðu vini eða vinkonu um hvað sagan um Láka er. Þú skalt undirbúa þig vel og hugsa um hvað þú ætlar að segja fyrst, hvað næst og hvernig þú ætlar að enda frásögnina.

SMÁBÓK

# Láki Máni og letikeppurinn

Láki Máni er í vanda.  
Hann nennir ekki að lesa.  
Dag einn kemur letikeppur  
í heimsókn til hans.

Lestu um Láka Mána og  
letikeppinn í þessari  
skemmtilegu bók.

Áður hefur komið út bókin  
*Láki Máni og þjófahyskið*.

Höfundur er Kristín Helga Gunnarsdóttir.  
Myndir teiknaði Halldór Baldursson.



**m** MENNTAMÁLASTOFNUN

40283